

SIRKUS

27. OKTÓBER 2006

TOMKAT
GIFTA SIG Í
FRAKKLANDI
[12]



Auðunn Blöndal
STJÓRNAR VINSÆL-
ASTA ÞÆTTINUM Í
FRJÁLSU SJÓNVARPI
Í DAG. TEKINN ER
ÞÁTTUR SEM LÆTUR
STJÖRNURNAR FÁ
ÞAÐ ÓÞVEGIÐ. EN
LÍFIÐ HEFUR EKKI
ALLTAF LEIKIÐ VIÐ
AUDDA.

**Systir mín bjargaði
mér úr ruglinu**



BUBBI UM DR.MISTER
**Kláraðu pakkann
og komdu þér í
meðferð!**



HRAFNHILDUR HÓLMGEIRS
**Ásfangin á
Airwaves**



HR OG LISTAHÁSKÓLINN
**Fatahönnun í
Hafnarhúsinu**



Vaxtalaus greiðslukjör í allt að 24 mánuði
(visa/euro) **Engin útborgun**

Sjöntækjafraeðingur með réttindi til
sjónmælinga og línsumælinga

GLERAUGNAVERSLUN
Gleraugað

Í bláu húsunum við Faxafen Sími: 568 1800



Ég lofa að vera góður strákur

Ég hef verið á bömmur alla vikuna. Ástæðan? Í Mogganum las ég að mig skorti siðferðisvitund. Að ég væri haldinn mannfyrirlitningu. Og að ég upphefði mig lævislega á kostnað viðmælenda minna í blaðinu.

Ég verð að viðurkenna að mér brá nokkuð. Hef almennt talið mig nokkuð finan gaur. Er stundum þrjúskur. Blóta of mikið. Á það líka til að vera besserwisser.

En haldinn mannfyrirlitningu. Nei, andskotinn.

Það stoðar samt lítið að mæla á móti þessu. Þetta stóð nú einu sinni í Mogganum. Bæði í sunnudagsblaðinu síðasta og aftur í leiðara í vikunni. Og ekki lýgur Mogginn. Ástæðan fyrir þessum blammeringum Moggans er nokkurra vikna gamalt viðtal við Ívar úr Dr. Mister sem við á Sirkus tókum og leyfðum ykkur að lesa.

Mogganum finnst Ívar vera svo mikill dópisti að hann eigi ekki skilið að fá að vera í fjölmiðlum. Þeir leyfa sko ekki svona vitleysingum að eyða bleki á sinn fina pappír. Mogganum finnst betra að spara sig fyrir fimm hundruðustu fréttina sína af Pete Doherty.

En íslensk spegilmýnd hans skal ekki birtast í blöðunum.

Mogganum finnst líka að fyrst Sirkus var á annað borð að hleypa Ívari í blaðið ætti sko ekki að leyfa honum að segja hvað sem er. Skoðanir Ívars á dópi og konum ættu að mati Moggans að vera innmúrað leyndarmál þar til Ívar væri reiðubúinn að ferðast um landið í boði Esso og fræða ungvíðið um skaðsemi eiturfylfa. Þangað til finnst Mogganum að við á Sirkus ættum að gera eins og Kastljósið síðasta þriðjudag. Leyfa Ívari að ljúga að þjóðinni að dópið og kvenfyrirlitningin sé allt bara leikrit. Þú veist. Eins og Silvía Nótt.

Mogganum finnst líka að til þess að fá að vera í fjölmiðlum þurfi þú að skila inn þvagprufu og lofa að vera góður strákur.

Við létum Ívar bara lofa okkur einu áður en hann kom í viðtalið. Að hann mundi segja satt og hætta að bulla eins og hann gerði í Kastljósinu. Og það var það sem hann gerði. Hann talaði um sjálfan sig, börnin sín, æskuna, framtíðina og dópið. Það var það sem við skrifuðum: ekkert bull, engar lygar, engin hræsni. Eins og Mogginn kannski vill hafa. En ekki Sirkus.

- Andri Ólafsson



BUBBI MORTHENS UM ÍVAR ÖRN / DR. MISTER

Kláraðu pakkann og komdu þér í meðferð!

„Óhamingja selur, dópneysla selur, stríð selur og morð selja, það er bara bláköld staðreynd,“ er það fyrsta sem Bubbi Morthens segir um umræðuna sem skapast hefur í kringum Ívar Örn, Dr. Mister, undanfarið.



Sirkus birti viðtal við Ívar fyrir nokkru þar sem hann talaði meðal annars um fikniefnaneyslu sína. „Ef hann finnur ekki lausn á þessu hefur hann fullan rétt á að drepa sjálfan sig á eiturfjaneyslu,“ segir Bubbi svellkaldur.

„Ef hann finnur ekki lausn á þessu hefur hann fullan rétt á að drepa sjálfan sig á eiturfjaneyslu.“

„Málið er bara það að ógæfa annarra selur og blöðin vinna samkvæmt þeirri formúlu og er til dæmis skítsama um eynd og volæði þessa stráks.“

Bubbi rifjar upp að svona líferni sé ekkert nýtt hjá rokkstjörnum. „Ég meina Joplin dó 27 ára, Morrison drapst í baði og Hendrix kafnaði í sinni eigin ælu.“

Einhverjir hafa rifjað upp fyrri líferni Bubba en hann var nokkuð villtur í upphafi síns ferils en hefur nú snúið við blaðinu.

„Það er nú samt eitthvað sem segir manni að þessi drengur sé mjög firrtur og honum líði ekki vel og allt það. En hann hefur samt fullan rétt til þess að lifa svona.“

En er Bubbi með einhver skilaboð til Ívars?

„Kláraðu bara pakkann og komdu þér í meðferð, það er frábært líf að vera edru og þú getur búið til stórkostlega tónlist edrú. En þetta er hans líf og hann bara gerir það sem hann vill þangað til einhver annar grípur í taumana.“

Ívar Örn Kolbeinsson

Hefur verið mikið í umræðunni undanfarið m.a. vegna fikniefnaneyslu sinnar.



Bubbi Morthens

Vill að Ívar komi sér í meðferð og fari að búa til músik edrú.

Vinsældirnar tengjast verðinu... Haust tilboð 1.790.000 Kr.



...en verðið tengist engan veginn markaðinum. Opel Astra hefur skapað sér sérstöðu hvað þetta varðar. Endurhugsaður frá grunni og drekkhlaðinn aukabúnaði heldur hann sessi sínum sem einn mest seldi bíll Evrópu á meðan verðið er á við ódýrustu bíla á götunni. Komdu til okkar, keyrðu hann og kollvarpaðu hugmyndum þínum um Astra.

Metaðsókn á Mýrina

Kvikmyndin Mýrin var frumsýnd um síðustu helgi. Metaðsókn var á myndina og stefnir í eina aðsóknarbestu kvikmynd allra tíma í íslenskum bíóhúsum. Margt var um manninn á frumsýningunni og voru langflestir fullir hrifningar.



Ráðherra Valgerður Sværisdóttir mætti á Mýrina með bros á vör.



Stjörnurnar Arnaldur Indriðason, Lilja Pálmadóttir, Baltasar Kormákur og Ágústa Eva Erlendsdóttir.



Sautján Björn Sveinbjörnsson, Svava Johansen og Ásgeir Frank Ásgeirsson.



Frambjóðandinn Guðlaugur Þór, Áslaug Ýr og Ágústa Johnson.



Glæsileg Bryndis Schram og Jón Baldvin Hannibalsson.

„Ætli það sé verið að hlera okkur..“

ÞRJÁR GÓÐAR GJAFIR HANDA KONUNNI

Gjafakortin frá Bláa Lóninu

Hægt er að nota kortin í spa-meðferð eða nudd sem fram fer undir berum himni ofan í hlýju lóninu. Gefðu konunni eitt stykki af þessu og þú sérð ekki eftir því. Gjafakortin gilda líka sem aðgangur í lónið, fyrir gistingu í heilsulind og á veitingastaðnum Bláa lóninu. Endurnærðu líkama og sál konunnar í Bláa lóninu.



Diskur

Og þá er ekki verið að tala um enn einn í mávastellið. Taktu þér smá tíma í að finna skothelt fimmtán laga prógramm fyrir þig og konuna. Best er að hafa þetta í rólegri kantinum og algjört lyklatríði er að enda á laginu „ykkar“. Einnig er sniðugt að



búa til bók sem fylgir með. Láttu þar koma fram upplýsingar um hvert og eitt lag og af hverju þú valdir það fyrir hana.

Valhöll

Ef þú hefur verið mikið að vinna undanfarið og hefur samviskubít yfir því er ekki vitlaust að segja konunni að taka frá til dæmis laugardaginn. Síðan er um að gera að taka daginn snemma, keyra á Þingvöllum og setjast niður í Valhöll. Þar er hægt að fá sér kakó og ganga um þjóðgarðinn. Vertu bara afslappaður og njóttu þess að vera með konunni. Svo er ekki vitlaust að skella sér í sund á leiðinni heim og hafa það svo kósi um kvöldið. Skothelt.



Sérverslun með sjávarfang



FYLGIFISKAR

Opið alla virka daga frá kl. 11.30 til 18.30

Opið á laugardögum að Suðurlandsbraut 10 frá kl. 11.00 til 14.00

Verið velkomin



FYLGIFISKAR

Suðurlandsbraut 10 • sími 533 1300 • Skólavörðustígur 8 • fylgifiskar.is



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.

100% bragð 0% viðbættur sykur

silfurtapparnir auðvelda þér valið



Kiaktu í tappann

200 flugmiðar frá Iceland Express *
leynast undir silfurtöppunum

*Í boði eru 200 flugmiðar að eigin vali innan leiðakerfis Iceland Express. Gjafabréfin gilda í 1 ár frá útgáfudegi. Hægt er að innleysa tappana til og með 31.12.2006 hjá Vífilfelli Stuðlahálsi 1, 110 Rvk. eða hjá umboðsmönnum um land allt. Allar nánari upplýsingar á cococalight.is.

SÍMON BIRGISSON GAGNRÝNIR SUNDLAUGAR

Vesturbæjarlaugin: Vin í eyðimörkinni



Í HEITA POTTINUM Tilfinningin líkust því að vera í móðurkviði.

Þú dýfir þér í Vesturbæjarlaugina og opnar dyr í nýjan heim. Gamaldags laugin er vin í eyðimörk borgarinnar. Það eru engin rauð ljós í Vesturbæjarlauginni, engir öskrandi símar eða gargandi sjónvarpsskjáir. Heldur vinalæg stemning, ró og næði.

Góður vinur minn sagði eitt sinn: Í sundi kemstu næst þeirri tilfinningu að svamla í móðurkviði. Einhverjar stöðvar í undirmeðvitundinni virkjast og velliðunartilfinning kviknar um leið og þú finnur heitt vatnið umlykja þig.

Tásublásari í inniklefa

Hvað sundfíkla varðar uppfyllir Vesturbæjarlaugin flest öll skilyrði góðrar sundlaugar. Henni er vel við haldið, hún er þrífaleg og skemmtilega hönnuð. Starfsfólkið heilsar þér með brosi á vör og býður þig velkominn. Þú ert meira að segja varaður við ef þú færð lykil að skáp númer 13.

Okkur karlmönnum bjóðast þrjár valkostir í Vesturbæjarlauginni. Inniklefinn er ágætur, sturturnar kraftmiklar og gott pláss til að þurrka sig. Skemmtileg „rúsína í pylsuendanum“ er hárblásari eða réttara sagt – tásublásari – sem komið hefur verið upp við gólfnið hjá skápunum.

Það er frábær tilfinning að smella sér í sokkana með skraufurrar tær.

Kynlegur baðklefi

Fyrir þá sem kunna betur að meta heiðskíran himininn og hvíld frá öskrandi krakkaskara er sem betur fer útiklefi í Vesturbæjarlauginni. Þar eru yfirleitt fáir á ferli og tilvalið að gera æfingar á rimlum eða gólfni til að koma blóðinu á hreyfingu.

Stór galli á útiklefanum er þó sturtuleysið. Það er undarleg tilhögun að þurfa að hlaupa yfir laugarbakkann og aftur inn til að komast í sturtu og sápu.

Þriðji valkosturinn er svo baðklefinn þar sem hægt er að skella sér í þurrufu. Baðklefinn var afar vinsæll meðal samkynhneigðra gesta og kunna margir „kynlegar“ sögur af því sem þar fór fram. Ég mæli þó eindregið með útiklefanum enda órjúfanlegur þáttur af sundreynslunni að láta líkamann þorna undir berum himni.

Egyptar bannaðir!

En aftur að lauginni. Yfirleitt er nóg pláss á sundbrautunum en ef í hart fer er ein braut sérstaklega merkt fyrir þá sem vilja synda rösklega. Barnalaugin er svo rúmgóð og

vel afmörkuð. Auk þess er nóg pláss til að liggja í sólbáði þegar vel viðrar.

Eitt af því sem skapar gæði í sundlaug eru heitu pottarnir. Þar er hreinlega skorið úr um hvort laugin sé góð eða slæm. Í Vesturbæjarlauginni eru pottarnir fjórir, afar þægilegir en því miður frekar litlir og stundum er erfitt að finna sér pláss.

Miðjupotturinn er sérstaklega vinsæll enda 39-41 gráðu heitur sem er vinsælasta hitastigið í pottum landsins. Þar er einnig nuddtæki sem fólk bíður í röðum eftir að nota. Ein skandin saga sem gaman er að rifja upp er frá síðasta sumri. Ég sat í pottinum ásamt pari frá Þýskalandi. Stúlkan starði á skilti fyrir ofan nuddtækið. Á skiltinu er rautt strik dregið yfir mynd af síðhærðum manni teiknuðum frá hlið. Eftir stutta þögn spurði stúlkan manninn hvað hann héldi að þetta skilti táknaði.

„Það er augljóst,“ svaraði maðurinn. „Egyptar bannaðir!“



EGYPTAR BANNAÐIR! Skiltið sem útlendingarnir misskildu svo hrápalega



Í STURTU EFTIR EIMBAÐIÐ Tromp Vesturbæjarlaugarinnar eins og sviðsmynd í Sopranos-þætti.

Mafiósar í eimbaði

Þegar skrifað er um Vesturbæjarlauginna er ekki hægt að sleppa að minnast á eimbaðið, tromp Vesturbæjarlaugar, sem sumir segja einna líkast sviðsmynd í Sopranos-þætti ... Í flestum laugum eru litlir vatnsgufuklefar úr plasti þar sem maður nánast þjáist af innlokunarkennd. Ekki í Vesturbæjarlauginni. Klefinn er bæði stór og á sólardögum lýsa geislarnir upp vatnsúðann svo að litlir regnbogar myndast inni í gufunni.

Það verður því enginn svikinn af heimsókn í þessa frábæru sundlaug sem er svo sannarlega falinn gimsteinn í Vesturbæ Reykjavíkur.



UNDIR BERUM HIMNI Gott að gera æfingar í útiklefanum.



BÚINN AÐ SYNDA Gott pláss er á sundbrautunum í Vesturbæjarlauginni.



EKKI MISSA AF ÞESSU!



VISCO COMFORT

VISCO COMFORT
HEILSUDÝNUR MEÐ SKÚFFU!

Á **50%**
AFSLÆTTI!
TAKMARKAÐ MAGN!

verð nú

kr. 136.500

verð áður

kr. 273.000

Retro rúngaflasett

verð nú **kr. 156.000**

verð áður kr. 195.000



▼
20-60%
afsláttur!
af öllum rúmum meðan
á haustútsölu stendur

▼
20%
afsláttur!
af vatnsheldum
hlífðarlökum

▼
20-50%
afsláttur!
af öðrum vörum
meðan birgðir endast

▼
25%
afsláttur!
af falletgumsængurverasettum
Mikið úrval!

KOMDU GERÐU GÓÐ KAUP!

DRAUMARÚM | Bæjarlind 4, Kópavogi
Sími: 534 5200

www.draumarum.is

Saga Auðuns Blöndal er nokkuð merkileg. Hann fæddist á Sauðárkróki, flutti í lðufellið í Breiðholti og síðan til Bandaríkjanna þar sem faðir hans lærði flugvirkjun. Síðan fór fjölskyldan til Svíþjóðar og svo aftur á Sauðárkrók. Þaðan lá leiðin til Reykjavíkur þar sem strákurinn sló í gegn. Það sem einkennir Auðun er óbilandi trú hans á sjálfum sér. Og það er þessi trú sem hefur komið honum þangað sem hann er í dag. Ein vinsælasta stjarnan í íslensku sjónvarpi. En lífið hefur ekki alltaf verið dans á rósum. Skilnaður foreldra Auðuns hafði mikil áhrif á drenginn en kom á sama tíma af stað atburðarás sem skilaði honum heim í stofu til landsmanna.

Þegar ég var um títugt gekk ég í gegnum eitt erfiðasta tímabil lífs míns, allavega hingað til. Foreldrar mínir skildu þegar ég var átján ára og flutti í hvort í sínu lagi til Reykjavíkur. Ég ákvað hins vegar að verða eftir á Króknum. Knattspyrnu-deild Tindastóls reddaði mér íbúð svo að ég gæti haldið áfram að æfa með þeim," segir Auðunn sem á þessum tíma var staðráðinn í að klára Fjölbautaskólann áður en hann fylgdi í fótspor foreldra sinn til Reykjavíkur.

„Ég var nýbúinn að kaupa mér sportbil á hundrað prósent lánunum. Það reyndist erfitt að vera í skóla, búa einn, borga af lánunum og foreldramir voru viðs fjarri.“

Auðunn missti svoltið stjórn á öllu saman og Maja systir hans kom á endanum norður og sótti strákinn. „Ég skuldaði í bakariinu, íbúðinni og bara út um allt. Þetta gerðist allt á frekar skömmum tíma eftir að foreldrar mínir fóru. Ég var eiginlega kominn með allt niðrum mig.“

Sem betur fer greip systir Auðuns inn í og kom honum í bæinn. En fyrir Auðun var það skritið til þess að byrja með. „Ég átti til dæmis enga vini.“ Auðunn flaug því alltaf norður um helgar enda var hann að vinna hjá flugfélaginu. „Mér var reddað þar í gegnum einhverja klíku. Er líklega lélegasti starfsmaður sem hefur unnið þar enda kann ég varla að rista brauð. Þetta var erfiður tími, ég bjó hjá mömmu og borgaði skuldinar mínar í þrjú ár áður en ég flutti inn með félögnum.“

Af hverju varstu svona mikill skussi?


„Ég er bara algjör tossi. En ég er mjög duglegur í því sem mér finnst gaman að gera. Ég er bara alinn upp við það. Þrátt fyrir að það hafi ekki verið til miklir peningar á heimilinu var ég algjörlega ofdekraður. Mamma gerði gjörnsamlega allt fyrir mig.“

Auðunn hætti hjá flugfélaginu og fór að telja skráur hjá Wurth. „Ég var samt bara nýbyrjaður hjá Wurth þegar ég sótti um á Popptívi. Ég taldi mig hafa möguleika á að standa mig vel í sjónvarpi og tók þátt í myndasta manni Íslands til að koma mér á framfæri. Í tvö ár var ég alltaf á leiðinni að hætta og lærði aldrei neitt, kunnir ekki einu sinni að afgreiða í búðinni," segir Auðunn sem hafði háleit markmið í sjónvarpinu.

„Ég var alltaf að segja vinum mínum og fjölskyldu að ég væri á leiðinni að gera eitthvað annað. Það er náttúrulega mikið þannig að það er lítið svoltið niður á þá sem hætta í framhaldsskóla. Og ég fann alveg fyrir því.“

Á meðan hann var hjá Wurth gat Auðunn aldrei svarað því hvað það væri sem hann ætlaði að gera. Sagði til dæmis fólk að það væri búið ráða hann á Popptívi löngu áður en það var frágengið. „Já, ég er sko að vinna á lagernum hjá Wurth en annars er ég að

AUÐUNN BLÖNDAL HEFUR SLEGIÐ Í GEGN MEÐ ÞÁTTINN SINN TEKINN OG ER EIN STÆRSTA SJÓNVARPSSTJARNAN LANDSINS



„Ég vann til dæmis frítt fyrstu fjóra mánuðina og gerði faldar myndavélar í hálf ár áður en ég fór í stúdíó“

Hef óbilandi trú á sjálfum mér

fara að vinna með strákunum í 70 mínútum," sagði Auði við fólk í eitt og hálf ár og viðurkennir að þessi klisja hafi verið farin að hljóma hálf kjánalega.

Af hverju langaði þig svona mikið í sjónvarpið?

„Ég horfði mikið á 70 mínútur og fannst margt skemmtilegt í þættinum. En hafði líka margar hugmyndir um hvemig mætti gera þáttinn betri og hafði trú á sjálfum mér. Simmi, sem þá var yfirmaður þarna, var að mörgu leyti sammála og hafði mikla trú á mér. Það er mikið Simma að þakka að ég er þar sem ég er í dag.“

„Síðan tók ég stutt tímabil þar sem mér fannst ég vera voðalegur spaði og lét líta út fyrir að fólk væri að trufla mig“

Hann nemti til dæmis alltaf að hlusta á röflið í mér þegar ég hitti hann fullur á Sportkaffi og svona," segir Auðunn sem fór hægt af stað í sjónvarpinu.

„Simmi var oft að hringja í mig og fá mig í alls konar verkefni. Ég vann til dæmis frítt fyrstu fjóra mánuðina og gerði faldar myndavélar í hálf ár áður en ég fór í stúdíó," segir Auðunn sem kom inn þegar Jói hætti og var þá með Simma og Sveppa sem hafði ekki mikla reynslu í sjónvarpi. „Fyrsti þátturinn gekk til dæmis alveg hræðilega og var í rauninni hálf vandæðalegur.“

Auðunn var mjög stressaður til að byrja með. Hann segir að gott dæmi um það sé hversu slæma íslensku hann talaði í fyrstu þáttunum. „Þó ég hafi verið tuttugu og eins árs var ég bara smábarn. Geðveikt frekur og tapsár en við höfðum trú á því sem við vorum að gera og einhvern veginn létum við þetta ganga upp.“

Eftir þetta gekk framinn í sjónvarpinu hratt fyrir sig. Auðunn fór fyrst að taka eftir vinsældum þáttarins á djamminu. „Ég fór alltaf á Gauk á Stöng í von um

að einhver myndi þekka mig og fannst geðveikt gaman ef einhver gerði það. Síðan tók ég stutt tímabil þar sem mér fannst ég vera voðalegur spaði og lét líta út fyrir að fólk væri að trufla mig. Sem betur fer fattaði ég fljótlega að það er þessu fólk að þakka að maður er í sjónvarpi, enda var ég sjálfur alltaf að rífla í Simma á Sportkaffi á sínum tíma.“

Hvernig urðuð þið svona vinsælir?

„Ógeðisdrykkurinn er eitthvað sem hjálpaði til við að koma okkur á kortið. Hann var fyrst blandaður þegar Simmi var í frí og Ingibjörg Sólrún var á leið í

eraðir að mínu mati, töpuðum mörgu sem við gerðum vel á Popptívi. Ég hefði viljað fara meira milliveginum.“

Auðunn vill þó ekki meina að það hafi verið mistök að yfirgefa Popptívi. „Þátturinn var búinn að vera þar í fjögur ár og hefði líklega fjará út. Við vorum til dæmis með betra áhorf á Stöð 2 þótt við værum í læstri dagskrá.“

Á skjánum er Auðunn myndinn og skemmtilegur strákur með mikið sjálfstraust. En hvernig er hann í raun og veru?

„Ég er mjög lokaður og þá sérstaklega fyrir þeim sem ég þekki ekki. Ég þarf samt alveg að passa mig því sumir túlka það sem einhvern hroka sem er alls ekki til staðar. Mér finnst mjög gaman að tala við fólk en er ekkert að opna mig fyrir hverjum sem er.“

Þú átt kærustu. Hvernig gengur það?

„Það gengur bara mjög vel en ég vil helst ekki ræða það. Ég tók ákvörðun fyrir löngu síðan að blanda þessu ekki saman. Við höfum fengið tilboð um að koma saman í viðtöl og ræða sambandið en alltaf neitað. Ég veit ekki hversu oft maður hefur séð myndir af einhverju pari á forsiðu Séð og heyrð og síðan ári seinna séð sömu myndina rífa í sundur með fyrirsögninni „Ástin sprakk“ eða eitthvað í þá áttina. Þetta er eiginlega það eina sem ég vil halda fyrir mig í viðtölum og öðru slíku," segir Auðunn sem er með háleita framtíðardrauma líkt og þegar hann röflaði fullur í Simma á Sportkaffi á árum áður.

„Mig langar rosalega að fara út og gera þar þátt sem ég er með í maganum. Ég er samt búinn að segja þetta í tvö ár en það er erfitt að yfirgefa þetta öryggi sem maður hefur hér í

augnablikinu. Með góð laun í góðri vinnu og allt það. En það kemur að því einn daginn að ég muni reyna.“

Auðunn hefur líka mikinn áhuga á að vinna á bak við tjöldin í sjónvarpi enda kominn með mikla reynslu í þeim efnunum. „Svo er ég líka að reyna að skrifa bíómynd. Það gengur svona upp og ofan en Óskar Jónasson leikstjóri er að hjálpa mér með það. Ég hef verið að skrifa nokkur samtöl og svo er margt annað sem mig langar að gera. Stærsti draumurinn er samt að fara út. Maður vill samt um leið ekki hafa of hátt um það vegna þess að þá fer fólk að skjóta mann niður og halda að maður vilji verða næsti Brad Pitt.“

Ætlar þú að leikstýra þessari bíómynd sem þú ert að skrifa?

„Nei. Þetta er bara svona Good Will Hunting dæmi. Fyrst maður fær ekkert bíómyndahlutverk þá verður maður bara að skrifa hlutverkið sjálfur. Sveppi og Pétur í einhverri Astrópiu og þá fer maður bara að skrifa," segir Auðunn og hlær.

Stærsti þátturinn í íslensku sjónvarpi í dag er þátturinn hans Auðuns, Tekinn. Hann kom sjálfur með hugmyndina að þættinum og vildi í upphafi hafa tvo hrekki í hverjum þætti. „Síðan kom bara í ljós að þetta er svo dýrt, einn hrekkur kostar til dæmis rúma milljón. Við ákváðum að gera þetta samt og þetta hefur gengið frábærlega og allir bara mjög sáttir.“

Verður gerð önnur serie?

„Það er það sem mig langar en ég held það verði mjög erfitt. Ég held til dæmis að allir sem eru eitthvað þekktir muni hugsa sig um ef þeir lenda í einhverjum skritnum aðstæðum.“

Í næsta þætti hjá Auða verður sjálfur Bubbi Morthens Tekinn. Hægt er að horfa á þáttinn á www.minnsirkus.is til klukkan 13:00 í dag. En annars er hann syndur á mánudagskvöld-klukkan níu. Auðunn er líka farinn að blogga á slóðinni auddiblonal.minnsirkus.is.



Nýtt frá Te & Kaffi

Te & Kaffi býður nú þrjár nýjar kaffitegundir í hagkvæmum 400 gr. umbúðum, Java Mocca, Colombia Santos og Espresso Roma. Þrjár gæðablöndur, malað og baunir á sama verði.


Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

stundin - bragðið - stemningin



Jumpman23

Ég var stödd í London síðasta föstudag, hafði bara nokkra tíma aflögu og ákvað að best væri að nota þá í að skreppa á Oxford Cirkus. Topshop var byrjunarreiturinn að sjálfsögðu. Þegar ég hafði skannað svæðið og verslað smá bland í poka, lá leið mín í hina frægu NikeTown-búð. Ég ætlaði bara að kíkja aðeins inn, þegar ég tók eftir að allt var kreiði fyrir utan búðina og dýrnar lokaðar. Ég varð ansi forvitin að sjá um hvað málið snerist. Ég var ekki lengi að komast að því að enginn annar en Michael Jordan og einn frægasti „sneaker“-skóhönnuður í heimi Tinker Hatfield voru á staðnum til að kynna nýja Jordan-línu sem er samvinna þeirra á milli og Nike. Helstu „sneaker“-safnarar og Jordan-aðdáendur voru alveg að tapa sér yfir dýrðinni og tæmdu nánast búðina á augnabliki..... skoðið nýju gerðirnar á www.jumpman23.



tískumolar
Helgu Ólafsdóttur



Brúnar varir

Ljósbrúnar eða dökkbrúnar varir hljómar kannski ekki vel en prufaðu. Mundu að varaliturinn þarf að vera mattur og skal nota með varablynti í sama lit. Góð hugmynd eða? Flottir brúnir varalitir frá Lancôme, I'm an Idol brown no. 210, Queen of Brown no. 220 og Rock the Brown no. 208.



Ekki láta tærnar frjósa!

Ég verð alltaf jafn hissa þegar ég sé íslenskar konur á tánum í finu skónum sínum að frjósa úr kulda í byl og snjókomu, það er alveg bannað. Það er alveg hægt að vera hip og kúl án þess að vera að krókna úr kulda. Farðu í þykka sokka, angóru- eða kósi ullarsokka utan yfir sokkabuxurnar / leggings og skelltu þér svo í hælaskóna. Þegar þú kemur svo á barinn skelltu þér þá bara úr sokkunum og í veskið með þá. Þegar leiðin liggur í leigubíla-röðina skelltu þér þá aftur í sokkana og málinu er reddað!!!



Sexi í beibi-bleiku

Ef þú vilt hressa aðeins upp á þig og fá þér eitthvað sexi, mæli ég með að velja efripart í ljósbleiku og svart með, helst leðurbuxur eða pils, lakkbelti eða -skó!!! Prófaðu og þessi uppskrift mun ekki klikka.



Ömmu silkiklútar

Þegar ég var litil hjá ömmu og afa man ég alltaf eftir að amma var að troða silkiklútunum sínum um hálsinn á mér áður en ég fór út að leika á veturna. Mér fannst silkiklútarnir frekar ósmart á þessum tíma. En nú verð ég að viðurkenna að ég mundi alveg með glöðu geði þiggja klútanna hennar. Franska Hermés-fyrirtækið er löngu þekkt fyrir sína fallegu silkiklúta sem sjást í öllum tiskublöðum þessa dagana. Hermés-silkiklútar fást því miður ekki á Íslandi, oft er hægt að kaupa þá á e-bay. Eða finna eitthvað svipað í endursöluþúð eða bara skreppa til ömmu og athuga hvort hún eigi ekki einn aflögu.



Ekki vera grá og guggin

Ef þér finnst þú vera orðin eitthvað grá og guggin mæli ég með því að kaupa sólgleraugu í skærum lit. Notaðu þau þegar þú ert að keyra og spássera um bæinn, þegar dimma tekur er í lagi að taka gleraugun niður og setja smá make-up á augnlokin, þá ertu mjög hressileg frá morgni til kvölds.

OUTERWEAR

OUTERWEAR

NIKITA

nikita
fáanlegt
í smash
kringlunni!

www.nikitaclothing.com

SMASH

NIKITA

DD Unit með besta hollywoodslúðrið



Jæja kids it's the same shit but different day* það er helst frá því að segja að TomKat hafa loks ákveðið að láta verða af geimverubrúðkaupinu sínu og ætla að kyla á það að gifta sig helgina 16.-19. nóv á Ítalíu.

Mikið svakalega er þetta eitthvað aðeins of mikið PDA* í gangi hérna á þessari mynd það er eins og hann sé að fara kyla hana. Anyways* þá á Giorgio Armani að hanna brúðarkjólinn og hann er að vonum mjög ánægður með það litli ofbrúni Ítala-tisku-dvellinn!



Ég verð nú að segja það að mér finnst ég miklu skemmtilegri, sætari og klárari en Paris Hilton en einhverra hluta vegna mun henni af öllum líkindum takast að pimpa* sig út á gamlárskvöldi næsta fyrir 100.000 dollara og einkaflugvéla-ræð* en ekki ég. DD-unit myndi þó eflaust vera betri félagskapur en stelpa hún Paris hefur boðið sig til sölu til að hósta* party fyrir hæstbjóðanda. En við gætum því miður ekki átt von á henni í party hjá Jóni Ásgeiri eða Sverri í Next hérna á klakanum á gamlárs just yet* því hún vill bara vera í Miami, Los Angeles eða New York! Carmen Electra er að bjóða upp á það sama nema fyrir 50.000 dollara og biður ekki um einkaþotuna!



Blessunin hún Janet Jackson er ekki alveg með kúlið* eins og hún var alltaf hérna í den* en kjellan er hérna í Tokyo að kynna nýjasta floppið* sitt 20.Y.O. en hún sá heldur betur ástæðu til að sprússa sig upp og smella sér í kimono* eins og það sé eitthvað að hjálpa til við að selja þessa arfaslökku plötu! Video-in og lögin eru því miður eins og við séum í einhverju time-warp* frá the næntis* nema bad næntis.. ekki flottu næntis. Það eru bara hvert Hype Williams hallæris-videoin* á fætur öðru og almenn þúkalegheit sem svifa yfir vötnum hjá henni greyinu!



Ohh eins og fólk sé ekki löngu löngu komið með nóg af Sid and Nancy* okkar tíma en Doherty og Moss voru saman í Róm á dögnum og sungu saman og ég veit ekki hvað .. yaww* engu að síður fauk nú eitthvað í kauða eftir tónleikana enda alltaf edrú maðurinn og lenti í stimpingum við paparazzana* sem endaði svo með blóðsúthellingum og ég veit ekki hvað og hvað!



Girl dis look righth herre aint doin ya no favors - shiiiiiii! Hún sem var að missa kjallaraibúð af lard* utan af sér er ekki að sýna það hérna!

Nú fyrst verið er að tala um Paris er varla hægt að sleppa því að koma með mola um Nicole sem er hérna á opnuninni á LA fashion week alveg helluð* á því! Mér sýnist hún líka vera í tilefni þess að hún og Paris hafi tekið saman aftur vera komin í fornt far og komin hérna í dans uppá borðum eins og Paris sæmir en hún klikkaði á því fundemental* atriði að vera í nærbuxum. En eins og flestir vita er Paris ekki aðdáandi undirfata. Einhver staðar situr Paris að lesa Sirkus og hristir hausinn yfir vinkonu sinni að klikka á þessu!



GLÓSUR

LÆRÐU LINGÓIÐ

It's the same shit but different day Sami skiturinn, annar dagur	Kúlið Töffaraheit, að vera svalur	eldast ekki vel. Scrubs með TLC og svona...	Her hot hubby Flotta eiginmanni sínum	kókaini sem iðulega er kallað „blow“
PDA Public display of affection, opinber keleris sýning	Den Í gamladaga	Girl dis look righth herre aint doin ya no favors - shiiiiiii Hvaða hvaða stelpa þetta útlit er ekki að gera þér neina greiða!	Baby-fattið Barnafitan, óléttukiló	Kæjann Djanmið, kom frá Kóllunum.is því þeir þekktu einhver gæja sem hét Kaj ef ég man rétt og hann var alltaf mega fullur
Anyways Allavega	Floppið Misheppnuð plata í þessu tilviki, annars eitthvað sem er misheppnað	Lard Fita, mör	The case Ekki beint vera málið	Faktískt Í sjálfa sér, með rentu
Pimpa Selja sig	Kimono Hátíðar- og eða þjóðbúningur Japana	Sid and Nancy Sid var í Sex Pistols og Nancy var kærastan hans, saman sukkudu þau sig í gröfina á mjög sorglegan hátt	Phalla Pharrell Williams, söngvari og framleiðandi og aðalsprautan í NERD hjómsveitinni, mjög sætur	Full-blown Alvöru
Einkaflugvéla-ræð Far með einkaflugvél	Time-warp Föst í timaskekku	Yawn Geisp.. merki um hvað greinahöfundur leiðist þetta fólk	Singúlinn Smáskífa	Take it from me Trúið mér, ég ætti að vita það
Hósta Vera gestgjafi, veislustýra	The næntis Frá 10. áratugnum – '90-'98 ca í þessu sérstaka tilviki	Papparazzana Slúður-ljósmyndarar	Sampli Hljóðstef	Halloween-búninga Grimubúningar fyrir Allraheilagra-messu
Just yet Ekki alveg strax	Hype Williams hallæris-videoin Hype Williams var og reyndar er mjög fær svona hip hop leikstjóri sem gerði svaka video í kringum '90-'98 en þau	Baby-inu Barninu	PURE HOTNESS Hreinn heitleiki, eitthvað sem er afar falllegt eða flott	Cheetoos Amerískt ostasnakk sem smitar frá sér megnri ostalykt og gulu-osta-ryki sem þykknar á puttunum og iiiieewwwuuuu
Helluð Að vera í annarlegu ástandi, ekki edrú, fullur	Fundamental Lykilatriði		Blohan Ungstirnið Lindsay Lohan kölluð Blohan útaf ásökunum um dálæti hennar á nebbnamminu	

En ég meina hey.. þau eru vist bara á leiðinni upp að altarinu og hún á vist að vera ólétt! Kate hefur vist látið það heyrast og „góðir vini“ og frændi hans Doherty (góði frændinn. eflaust jafnedrú og Pete) vilja staðfesta þessar fregnir. Ástæðan fyrir nýja baby-inu* er vist sú að hún telur að það sé það eina sem muni bjarga Pete frá bullinu! Hmmm.. jú jú hver hefur ekki heyrt þennan söng áður? Mikið eru þau hamingjusöm og heilsusamleg á þessari mynd mmmmm...



Gwen Stefani hefur ekki beint verið að hvíla sig þrátt fyrir að hafa eignast Kingston á dögnum með her hot hubby* Gavin en hún er búin að vera í ræktinni og í hljóðverinu. Hún er ekki beint ánægð með hversu langan tíma það er að losa sig við baby-fattið* en mér finnst það nú ekki beint vera the case*. Mér finnst hún svo sæt og fin en það er kannski munurinn á því að vera celebb með paparazzu á eftirdragi og vera Sigga í Breiðholtinu í hvítum sokkum, íþróttasandölum, flíspeysu frá Cherrios sem fer í Arsenal-ból á tyllidögum!

Gwen var einmitt með honum Phalla* mínum í stúdíóinu að taka upp nýja singúlinn* „Wind it up“ sem er með sampli* úr Sound of music. Það er soldið erfitt að sjá hvernig það gengur upp en engu að síður ef ég treysti einhverjum fyrir því að blanda þessu ólíklega efni saman þá eru það þau tvö. Sko sjáðið hún er PURE HOTNESS* og Kingston líka.



be sure to check me out á www.dd-unit.blogspot.com



Kannski ekki skritið að Drew Barrymore var orðin full-blown*dópisti þegar hún var 9 ára gömul því fólk bara dælir í mann drykkjum og dópi og er ekkert að spá hvað þú ert gamall þegar þú ert frægur... það er bara nóg að vera frægur! Sjáðu Hayle Joel! I see dead people! Osmet sem var tekinn núna í sumar fullur og dópaður eftir hann keyrði á kyrrstæða bíla! Take it from me* það er ekkert grín að vera frægur þegar maður er litill sko... Og svo að lokum þetta fannst mér algjör snilld það er alltaf verið að finna sniðuga Halloween-búninga* í Ameríku og hérna eru nokkrar uppástungur sem eru snilld: Angelina Jolie Pitt, með flugmannagleraugu, ýktar varir og haldandi á Shiloh og Zahara.




Nú upphaldið mitt er auðvitað Lil Kim og ég væri til í að fara sem hún ef einhver vill halda brjálað Halloween-party þá mæti ég í sem hún klárlega!!



Nú svo er hægt að vera Brit Brit þegar hún var ólétt með Cheetoos*rykið út um allt með hinn krakkann í eftirdragi þetta er skemmtilegur búningur fyrir þör því gæinn gæti verið K-Fed.





BORÐI

CULTURAL LEARNINGS OF AMERICA FOR MAKE BENEFIT GLORIOUS NATION OF KAZAKHSTAN

**EIN UMTALADASTA OG FYNDNASTA
MYND ALLRA TÍMA VERÐUR
FRUMSÝND EFTIR AÐEINS 7 DAGA...**

Á litinn eins og Ásgeir Kolbeins

„Er þetta ekki svoldið þröngt?“
„You look so sexy I mean it“

„Hvað er ég að gera hérna...“

„Geturðu ekki farið á hnén“

„Segðu honum að halda á fiskunum“

„Ég ætla að vera eins alvarlegur og ég get“



Bjarni Hall söngvari Jeff Who? var boðaður í myndatöku fyrir Sirkus blaðið hjá Ara Magg (Matt). Það sem hann hinsvegar vissi ekki var að þetta var hrekkur að hætta Auðna Blöndal. Silja og Agnieszka tóku strákinn í einhverja fátánlegustu myndatöku seinni tíma. Skyndilega var hann orðinn appelsínugulur í barnasundlaug með karfa í höndunum.



MÁNI MÆLIR MED

RAGNHEIÐUR ÁRMEY GUNNARSDÓTTIR OG HÓPUR HENNA HANNA ÍSLENSKA FATALÍNU SEM SÝND VERÐUR Í HAFNARHÚSINU Á LAUGARDAGINN.

Ekki fatalína fyrir námsmanninn

Hópurinn Arna Sigrún Haraldsdóttir, Ragnheiður Ármey Gunnarsdóttir, Jan Willem Floris Snuif og Gunnhildur Edda Guðmundsdóttir.



1 DUELS

Slow Build

„Það eina sem gengur vel í Leeds þessa dagana er tónlistin. Eðal brit pop“



2 DR _SPOCK

Skítapakki

„Fucking brilljand íslensk snilld. Meira Spock minna dóp“



3 DEFTONES

Cherry Waves

„Deftones eru snillingar! Því meira sem þeir fitna því betri verða þeir“

„Í þessum hópi eru þrjú markaðsfræðingar og svo þrjú tiskuhönnuðir,“ segir Ragnheiður Ármey Gunnarsdóttir, markaðsfræðingur og nemandi í Háskólanum í Reykjavík. Undanfarnin ár hefur verið samstarf á milli HR og Listaháskóla Íslands með verkefni. Á laugardaginn verður svo kynning á öllu saman í Listasafni Reykjavíkur undir yfirskriftinni Rjómi. „Þetta er nú ekki alveg nýtt af nálinni en við erum að reyna að fara aðrar leiðir í að markaðssetja íslenska hönnun hér heima og erlendis,“ segir Ragnheiður en hóparnir fást við mismunandi verkefni. Hópur Ragnheiðar hefur hannað fatalínu út frá séríslensku einkennunum. En hvaða einkenni eru það? „Við leitum svolítið í þessa grófu náttúru. Við konurnar erum kannski ekki eins fingerðar og aðrar konur og klæðum okkur í takt við umhverfið og náttúruna.“ Ragnheiður segir að þetta sé svokölluð hátíska sem túlki á móti þessa íslensku hluti og eru flest öll efnin til dæmis héðan. „Þetta er kannski ekki lína fyrir námsmanninn til þess að kaupa en við ætlum að byrja að selja þetta hérna á Íslandi og færa okkur svo til



Skandinavíu áður en við förum lengra. Það er þægilegt því í Skandinavíu er svipaður kultúr í viðskiptum og klæðnaði.“ Ragnheiður segir svívirðilega mikla vinnu liggja að baki linunni og allir hafi lagt meira á sig en þeir voru tilbúnir til. „Hérna markaðsfræðimegin erum við til dæmis að skrifa lokaritgerðir þannig að þetta hefur verið dagur og nótt. Afraksturinn kemur síðan í ljós á laugardaginn,“ segir Ragnheiður spennit sem sjálf er

ein með þrjú börn og situr því ekki auðum höndum. Tuttugu og fjórir fremstu hönnuðir landsins verða einnig í Hafnarhúsinu og halda fyrirlestra á milli þess sem afrakstur nemendanna er kynntur. Verkin verða síðan flutt yfir í Marel og verða þar til 11.nóvember. „Það hefur verið mjög skemmtilegt og fróðlegt að vinna með fólki sem hugsar allt öðruvísi. Þau hafa þessa listrænu hugsun á meðan við hugsum bara um að græða peninga.“



BRYNJAR MÁR MÆLIR MED

1 HOT CHIP
Over & Over
„Hér er á ferðinni band sem hefur verið að slá um sig síðustu misseri, en þetta lag er náttúrulega bara snilld í alla staði, skemmtilega drúngalegt og sýrt bit, en flott melódía og óskrandi flottur húkkur.“

2 BLUE OCTOBER
Into the ocean
„Þessi hljómsveit var að sleppa frá sér þessu lagi sem er strax farið að vekja mikla lukku á fm957 og er örugglega eitt af flottari nýju lögnum sem eru í spilun hjá okkur í dag.“

3 FERGIE
Fergelicious
„Nýjasta smáskífan af plötunni heitir Fergelicious. Will I Am úr Black eyed peas er virkilega góður pródúsent og lætur hana hljóma vel, lagið er flott fyrir dansgólfin í borginni.“

Spilaður þennan ...



Í vikunni kom út ný útgáfa af fótþoltaleiknum frábæra, Pro Evolution Soccer 6. Leikurinn er fyrir PC,PS2 og XBOX 360. Margir telja þennan þann besta til þessa en miklar framfarir eru í gervigreind leikmanna, auk þess sem skotkerfi leiksins hefur verið bætt. Master League er glæsilega uppfærð og aldrei hafa verið fleiri „licensed“ lið. Langbesti pes leikurinn til þess. Sirkus mælir allavega með honum.

Minnsirkus.is blogg vikunnar

DRUKKIÐ FÓLK:

„Drukknir karlmenn eru mun einfaldari í samskiptum heldur en konur. Allt mjög simple. Bara; „Eigum við ekki að slappa af og setjast niður, ertu ekki bara góður?“ virkar í flestum tilvikum. En kvenmenn... Úff.. Ekki svo gott! Þær rífa bara kjáft. Ég er reyndar þá að tala um fólk 40+ Fólk virðist halda að dyraveðir hafi ofsalega gaman að rífast og vísa fólki út. Tjahh.. Hvernig væri að spá í að vera í sporum d.varðarins?“

Mýrin

„Það er bara eitt sem að ég verð að segja hérna í bili.. Fór á Mýrina í gær og var ekki búin að lesa bókina en þessi mynd fær fullt

hús stiga hjá mér. Án efa ein sú besta sem að ég hef séð og ég hvet alla til þess að drífa sig á hana.. Hver veit nema að ég skelli mér bara aftur.. bara snilld og ekkert annað.“
Godnew.minnsirkus.is

Mismæli.. hehe Snilld :D

„Hún Brynja var í Danmörku seinasta sumar og hún var stödd á hamborgarastað og var að fara panta hamborgara og þá sagði hún „Hey stelpur hvernig segir maður burger á ensku“. Hahaha....Til hvers að spurja ef þú veist þetta :)-“
Þóra Sif.minnsirkus.is

Sjáðu þetta ...



Kvikmyndin The Departed er frumsýnd í kvöld. Það eru stórleikarar á borð við Leonardo DiCaprio, Matt Damon, Jack Nicholson og Mark Wahlberg sem leika í þessari frábæru mynd. Martin Scorsese leikstýrir svo það er við öllu að búast. Myndin hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda í henni Ameríku en beðið hefur verið eftir myndinni með mikilli eftirvæntingu hér heima. Sirkus mælir sterktlega með því að þú sjáir þessa kvikmynd.

FRÁ FRAMLEIÐENDUM GRAND THEFT AUTO LEIKJANNA KEMUR EINN UMTALAÐASTI LEIKUR SÍÐARI ÁRA


VELKOMINN Í BULLWORTH SKÓLANN!

Hér er á ferðinni einhver umdeildasti leikur ársins. Leikmenn fara í hlutverk hins 15 ára Jimmy Hopkins, þar sem hann upplifir allt það góða og slæma við það að venjast nýjum skóla. En leikurinn nýtir sömu grafíkúvél og Grand Theft Auto leikirnir.

Fjölmíðlar hafa keppt við að hlaða leikinn lofi og má nefna að New York Times sögðu "Canis Canem Edit (Bully) er einn af stóru leikjunum þessi jólin. Vefritið IGN.com sagði "Canis Canem Edit er mjög góður og vandaður leikur sem skartar ótrúlegum húmor og tugum klukkutíma af fjöri," og bæta svo við "[Canis Canem Edit] á möguleika á því að verða einn af bestu PS2 leikjum þessa árs, þökk sé einstakri spilun."



**Bannaður
innan 15 ára**




Frábærir dómar!

8,9 af 10 – IGN.com
8,7 af 10 – Gamespot.com
10 af 10 – 1Up.com



Kominn í verslanir! ►



stelpubögg með
Siggu Dögg

Stefnumóta- véfréttin ...

Hvað er málið? Vel ég alltaf ranga stráka?“
Eðlilegt er að velta upp sjálfásökunarspurningum þegar ástarmálin eru í hönki. Við eigum það til að takmarka piparsveinamarkaðinn við stráka sem uppfylla ákveðin skilyrði líkt og „töff í tauinu“. Þetta vissulega þrengir annars breiðan hóp pílta og útilokar þá sem álpast út í gömlum strigaskóm og flispeysu. Þessir myndarlegu ungu menn uppfylla ekki huglæga „draumaprinsalistann“ og því gefum við þeim ekki tækifæri. Á sama tíma má heyra háværar kvörtunarraddir „ég vil bara kynnastrák“, viðs vegar á krám borgarinnar.

Imyndum okkur heim þar sem listinn væri geymdur og svarið við spurningunum væri að finna í lítilli svartri kúlu, „magic 8-ball“. Okkar eigin véfrétt. Engar fleiri andvökunætur eða löng simtöl til vinkvenna, einfaldlega bara spyrja kúluna. Svarmöguleikarnir eru tuttugu talsins, tíu jákvæðir og tíu tvíræðir. Í stað þess að bera piltinn saman við listann þá væri svarið í höndum okkar, eina sem við þyrftum að gera væri að hvolfa kúlunni og þar með væri það ákveðið, á stefnumót væri farið eða sms sent. Með þessa véfrétt að vopni ætti ástarlífið aldeilis að komast á flug, listinn fokin út í veður og vind og kúlan ein ræður ferðinni.

Ég lét slag standa og tók kúluna með mér á barbrölt. Ég byrjaði kvöldið á spurningunni: Mun ég hitta sætan stráka? Kúlan svaraði: Allt bendir til þess. Vongóð lagði ég af stað. Markmiðið var að spyrja kúluna einnar spurningar á hverjum bar. Á fyrsta barnum missti ég af tækifæri til að dansa við einn heitan því ég fékk svarið „nei“. Ég lét ekki deigan siga og var staðráðin í að leggja allt mitt traust á véfréttina. Á næsta bar bauð ungur herraður mér upp á drykk. Hann hefði aldrei komist í gegnum huglægu síuna mína, ég hefði undir eðlilegum kringumstæðum hafnað tilboðinu hans en nú fékk ég engu um það ráðið og þáði drykkinn með bros á vör. Ég gaf mig á tal við hann og reyndist þessi piltur og drykkurinn vera hápunktur kvöldsins.

Véfréttinni hafði tekist ætlunarverk sitt, ég vikkaði sjóndeildarhringinn minn og um leið fjölgaði piparsveinunum um þriðjung. Það er sígild tugga að andstæður laðist að, kannski þurfum við nútímakonurnar smá hjálpartæki til að minna okkur á það. Litla svarta hækju sem kemur í veg fyrir að maður hjakkar í sama farinu með sömu týpunum þar sem aldrei neitt gengur upp. Ég lofa því ekki að þetta sé skotheld leið til að finna ástina en það sakar varla að taka smá áhættu og prufa, hver veit, kannski leynist „sálufélaginn“ í krækiberinu sem þú hefur margoft hundsáð. Á ég að gefa honum sjens? Svar: Án efa!

**LÉTT
BYLGJAN**
.....967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!